



EINFALT OG KYRRRT



Viðtal við
Grétar Reynisson
og Guðjón Ketilsson

VIÐTAL: EINAR ÖRN GUNNARSSON

Í dag verða opnaðar, í austursal Kjarvalsstaða, sýningar tveggja myndlistarmanna, þeirra Guðjóns Ketilssonar og Grétars Reynissonar. Guðjón er fæddur í Reykjavík árið 1956 og nam við Myndlista- og handíðaskóla Íslands á árunum 1974-78. Í framhaldi af því innritaðist hann í Nova Scotia College of Art and Design og dvaldi þar á árunum 1979-80. Guðjón hefur haldið fjölda einkasýninga t.a.m. í Nýlistasafninu árið 1986, sýningu í FÍM-salnum árið 1987 auk þess sem hann hefur tekið þátt í samsýningum. Grétar Reynisson er fæddur árið 1957 í Reykjavík. Hann nam einnig við Myndlista- og handíðaskóla Íslands á árunum 1974-1978 og dvaldist í Amsterdam í framhaldi af því á árunum 1978-79. Hann hefur haldið margar einkasýningar auk samsýninga. Meðal einkasýninga má nefna sýningu í Nýhöfn árið 1989 og sýningu í Nýlistasafninu árið 1990. Báðir eru þeir meðlimir í Nýlistasafninu svo og Myndhöggvara-félagi Reykjavíkur. Í tilefni sýninga þeirra mælti blaðamaður sér mót við þá féлага á vinnustofu Grétars við Suðurgötu einn laugardagseftirmiddag.

Þetta er ekki samsýning heldur tvær einkasýningar í sömu salarkynnum sem opna á sama tíma,“ sagði Grétar er ég spurði hann um tildrög þessara sýninga. „Við kynntumst í Myndlista- og handíðaskólanum þaðan sem við útskrifuðumst úr Nýlistadeildinni. Við fórum til framhaldsnáms í sitt hvort landið en héldum sambandi áfram í gegnum árin. Sýningar á Kjarvalsstöðum hafa verið í sigtínu lengi og eru framhald af því sem við höfum verið að gera á fyrri sýningum. Það er ekki um neitt þema að ræða á þessum sýningum. Verk okkar eru mjög ólík bæði hvað efni og aðferðir varðar.“

Guðjón segir verkin vera framhald af fyrri sýningum og ekki sé hægt að greina neinar byltingarkenndar breytingar eða stökk í verkunum. „Að vísu er ég með málverk núna en þau hafði ég ekki á síðustu sýningu,“ segir hann. „Ég verð þó með einhverja skúlptúra á þessari sýningu. Í málverkunum er að finna skírskotun til náttúrunnar en þó er hér ekki um landslagsmyndir að ræða. Fyrir mér er lífill munur á manneskju og fjalli í málverkinu. Ég er ekki að mála umhverfi heldur einangruð fyrirbæri. Þegar fjall ber við í myndum mínum þá er ég ekki að mála ákveðið fjall heldur fjallið sem minni í umhverfinu.“

„Þó að það sé ekki hægt að tala beint um þema þá er sami listamaðurinn að baki verkunum og þannig eru tengsl á milli verka minna,“ segir Grétar. „Undanfarin ár hefur þessi spírall, hringur eða íða komið fyrir í öllum verkum mínum. Jafnvel þegar ég málaði mjög frjálstlega á árum áður, t.d. 1985, þá kom hann fyrir aftur og aftur. Þegar ég skoða þau verk þá greini ég þetta form en með tímanum hef ég einfaldað það og gert það þrengra og kyrrstæðara. Ég vona að mér hafi tekist að skapa kyrrt í verkunum. Flest verkin eru unnin með blýanti og fyrir mér er blýantur gegnsætt efni. Blýanturinn hefur verið notaður sem mjög einfalt efni, t.d. er riss unnið með blýanti en sjaldan álvöru verk. Ég leitast við að gera hann að massívu efni eins og til að mynda olíu. Blýantsteikningin hefur ekki vegið þungt í íslenskri myndlist. Í þessum verkum mínum er blýanturinn unninn á akrilgrunn, striga eða krossvið, öfugt við það sem almennt tíðkast, þ.e. á pappír. Myndir mínar segja ekki neina sögu og eru ekkert annað en það sem þú sérð. Maður er náttúrulega alltaf að gera tilraunir og leitast við að komast að niðurstöðu sem er ekki sjálfgefin.“

Guðjón tekur fram að sér finnst mynd ekki lokið fyrir en eitthvað í henni komi honum á óvart. „Maður notar t.d. eitthvað úr síðustu mynd sem manni finnst ástæða til að vinna

frekar með. Það verður yfirleitt að vera eitthvað sem er manni framandi þegar upp er staðið án þess þó að ég vilji vera að alhæfa neitt.“

„Að mála mynd er eitt og að setja upp sýningu er annað,“ segir Grétar. „Það getur verið yndasamt að hengja upp sýningu. Þegar upphengingin er léleg þá er það á kostnað verkanna. Stundum eru sýningar þannig upphengdar að það er eins og að koma inn á lager. Einstök verk njóta sín ekki í slíkri kaos. Þegar við vorum að velja fyrir okkur upphengingu í austursalnum þá kom til greina að skipta sýningarsvæðinu í tvennt með vegg en við hurfum frá þeirri hugmynd og ákváðum að láta verkin sjálf skipta sýningunum. Rýmið í sölu Kjarvalsstaða gefur góða möguleika á að setja upp ólíkar sýningar. Við hverfum þó ekki frá því að við erum dálítið að sýna saman þó að við lítum á þetta sem tvær aðskildar einkasýningar.“

Í framhaldi af samtali okkar um sýninguna berst talið að listinni almennt og viðhorfum þeirra til hennar.

„Listin má ekki vera hátíðleg eða tilgerðarleg,“ segir Guðjón. „Mér finnst bara málverkið út af fyrir sig, strigi strekktur á blindramma, alveg nógu hátíðlegt fyrirbæri. Fyrir mér þarf mynd að búa yfir lífsneista, hún má ekki eingöngu vera máluð út frá einhverjum öruggum fyrirframgefnunum hugmyndum. Það þarf að vera einhver hætta eða ögrun.“

Grétar leggur áherslu á að menn megi ekki ganga út frá fyrirfram gefinni niðurstöðu þegar þeir vinni verk. „Maður verður að prófa sig áfram, í því er þroski listamannsins fólgin,“ segir hann. „Ég verð að hafa gaman af því að vinna verk og það þarf að ganga upp fyrir sjálfum mér áður en ég sýni verkið öðrum. Ég vona þó að mér takist að framkalla einhverja upplifun hjá áhorfandanum. Í sambandi við listafólk þá finnst mér skorta meira umburðarlyndi almennt meðal þess. Það þarf að virða verk annarra listamanna og ganga ekki alltaf út frá eigin forsendum þegar það dæmir heldur reyna að skilja hvað viðkomandi er að fást við hverju sinni. Listafólki hættir oft til þess að stilla hlutum upp við hlið þess sem það er að fást við sjálf og er oft bundið við það eina sjónarhorn. Það er líka gert of mikið af því að básúna skoðanir upp yfir alla hvort sem þær eru jákvæðar eða neikvæðar.“

„Það er mikið gert af því að flokka alla hluti í listum og ég er oft spurður þeirrar spurningar hvort ég sé myndhöggvari eða málari,“ segir Guðjón. „Ég hef enga þörf fyrir að staðsetja sjálfan mig. Mér finnst það gefandi að skipta á milli efna og aðferða. Skúlptúrinn og málverkið eru auðvitað hvort tveggja myndlist og sami höfundurinn sem stendur þar að baki.“